

# Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps 18.5.2015 kl. 15:00

**Mætt:** Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Geir Sigurpáll Hlöðversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Áslaug Jónsdóttir (Austurbrú), Marínó Stefánsson (Fjarðabyggð), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú)

## Dagskrá

- Ársfundur Sjálfbærniverkefnisins 2015
- Næstu skref

## Umræður

Almenn ánægja var með fundinn og nefnt að fundarstjórn hefði verið röggöm og góð. Fram kom að tími var fullknappur og rætt að í framtíðinni þyrfti annað hvort að fækka erindum eða lengja fundartímann. Vel kom út að fá bæði gesti af svæðinu og lengra að og eins reyndist vel að hafa hópastarfið á miðjum fundi.

Stýrihópur fékk heilmikið efni til að vinna úr bæði úr hópastarfi og ekki síður erindum gestafyrirlesara. Ákveðið að Austurbrú vinni tillögur fundarins áfram og leggi fyrir „snertifund“ stýrihóps í haust. Á þeim fundi verði líka rætt hvort hægt er að kalla saman samráðshóp verkefnisins eins og kom fram í máli Fríðu á ársfundinum.

Viðmiðunardagsetning „snertifundar“ er 9. september. Austurbrú sendir fundarboð fljótlega svo menn geti tekið daginn frá.

SV 21.5.2015